

DKG – Betadeild

Haustferð föstudaginn 13. september 2024

Vetrarstarf deildarinnar hófst með haustferð föstudaginn 13. september. Lagt var af stað í rútu frá bílastæði Berjaya hótelsins kl. 16.30 og ekinn stóri Eyjafjarðarhringurinn í björtu og fallegu veðri. Alls voru 14 Betasystur mættar í ferðina, en leiðsögumaður var Bragi Guðmundsson, fyrrverandi prófessor við HA og eiginmaður Ragnheiðar Sigurðardóttur Betasystur.

Eftir stutt útsýnis- og fræðslustopp við Kristnesspítala var farið að Fífilbrekku í heimsókn til listakonunnar Höddu. Í vinnustofu sinni, sem ber nafnið Dyngjan, sinnir Hadda margs konar listsköpun og er með lítið sýningarrými og söluhorn. Að auki ræktar hún býflugur og fræddi Betasystur um býflugnabú og hunangsframleiðslu.

Næst var haldið að Saurbæjarkirkju. Hópurinn fékk aðgang að kirkunni, þar sem Bragi rakti sögu kirkjunnar og sagði frá atburðum í nágrenni hennar. Að því loknu bauð stjórn Betadeildar upp á hressingu áður en rölt var að verki Beate Stormo, risakýrinni Eddu, sem stendur við heimreiðina.

Áfram var ekið inn fyrir Hólavátn undir afar fróðlegri leiðsögn Braga og síðan til baka í átt að Öngulsstöðum, þar sem hópurinn naut kvöldverðar. Ekki var um formlegan fund að ræða, en Eygló formaður notaði samt tækifærið og sýndi viðstöddum konum áætlaða dagskrá vetrarins og bað um athugasemdir, ef einhverjar væru.

Eftir fróðlega ferð um Eyjafjörð og notalega samveru á Öngulsstöðum var haldið heim á leið.

Ritari: Selma